



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is


Ályktun

Afnám verðtryggingar

Þing Starfsgreinasambands Íslands krefst þess að íslensk stjórnvöld afnemi án tafar verðtryggingu á lánum til einstaklinga og heimila enda er hér um að ræða samfélagslegt mein sem hefur leikið skuldsett heimili skelfilega á liðnum árum og áratugum.

Þing SGS lýsir yfir undrun sinni á því að ríkisstjórn sem kennir sig m.a. við félagshyggju, jöfnuð og réttlæti skuli láta það óréttlæti viðgangast að heimili landsins þurfi að taka á sig alla ábyrgð vegna verðtryggingarinnar á meðan lánveitendur eru tryggðir í bak og fyrir. Eins og kunnugt er þá hefur verðtryggingu aldrei verið beitt í útlánnum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD nema hér á landi.

Þing SGS skorar einnig á fjármálastofnanir að veita almenningi sambærileg lánakjör til íbúðakaupa og tíðkast í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur við.


Vilhjálmur Birgisson